

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Pingeyinga.

FUNDARGERÐ

34. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Pingeyinga fimmtudaginn 14. október árið 2010. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kobeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Lárus Björnsson, Friðrik Steingrímsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **201009039 – Erindi frá Ólöfu Hallgrímsdóttur, Vogum 1, Skútustaðahreppi**
Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir starfsmannahús við ferðapjónustuna að Vogum 1. Húsið er fjórar gámaeiningar sem reist verður á risþak. *Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins þar sem ekki hafa borist fullnægjandi gögn.*
2. **201009110 – Erindi frá Landeigendum Reykjahlíðar ehf. Skútustaðahreppi**
Landeigendur Reykjahlíðar ehf. sækja um leyfi til að setja niður bryggjur í Helgavogi í Mývatni. *Byggingarfulltrúi kynnti álit Skipulagsstofnunar um afgreiðslu erindisins. Nefndin óskar því eftir áliti skipulagsyfirvalda Skútustaðahrepps áður en afstaða er tekin í málinu.*
3. **201009042 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn um leyfisveitingar til handa Þingeyjarsveit. Rekstrarleyfi/ gististaður flokkur II, til sölu gistinga/veitinga í Vallarhúsi við Íþróttavöllinn á Laugum. *Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn um erindið.*
4. **201010023 - Erindi frá Erlingi Teitssyni, Brún, Þingeyjarsveit**
Erlingur Teitsson sækir um byggingarleyfi fyrir aðstöðuhús við votheysturna að Brún í Reykjadal. Húsið er 33,0 m², timburgrind klædd bárujárnri á steiptum grunni. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
5. **201010022 – Erindi frá Kristjáni I. Jóhannessyni, Hróarsstöðum, Þingeyjarsveit**
Kristján I. Jóhannesson sækir um byggingarleyfi fyrir gróðurhús að Hróarsstöðum í Fnjóskadal. Húsið var áður rætingahús í Vaglaskógi og er 22 m², stálprófíll með varmaplasti fest niður á steiptar súlur. *Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi gögnum verði skilað til byggingarfulltrúa.*
6. **201010001 – Erindi frá Reyni B. Yngvasyni, Brekku, Þingeyjarsveit**
Reynir B. Yngvason sækir um byggingarleyfi fyrir gistiskála að Brekku í Aðaldal. Húsið er 62,5 m² timburhús og stóð áður við álverið á Reyðarfirði. Teikningar eru unnar af Gauki Hjartarsyni verkfræðingi. *Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Pingeyinga.

7. **201010028 - Erindi frá Erlingi Huga Kristvinssyni, Kotárgerði 24, Akureyri**
Erlingur Hugi Kristvinsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 16, Fnjóskadal, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum grunni 101,2 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Jóni Friðriki Matthíassyni byggingarfræðingi.
Byggingarnefnd samþykkir erindið enda húsið í samræmi við ákvæði deiliskipulags.
8. **201010036 – Erindi frá Halldórsstaðafélaginu, Uppsálavegi 8, Húsavík**
Óli Halldórsson f.h. Halldórsstaðafélagsins sækir um leyfi til að rífa þak gamalla fjárhúsa að Halldórsstöðum 1, Laxárdal, Þingeyjarsveit. Eftir munu standa hlaðnir veggir og garðar húsanna sem ætlunin er að varðveita.
Fyrir liggur umsögn Fornleifaverndar ríkisins, minjavarðar Norðurlands eystra frá 30. maí 2010. Byggingarnefnd samþykkir erindið.
9. **201010037 – Erindi frá Knúti Þórhallssyni, Steinási 6, Garðabæ**
Knútur Þórhallsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 17, Fnjóskadal, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum kjallara samtals 209,4 m². Teikningar eru unnar af Sveini Ívarssyni arkitekt. Fyrir liggur undirritað samþykki nágranna og landeiganda.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14²⁰.

Eiður Árnason
Kolbeinn Kjartansson
Kristján Snæbjörnsson
Friðrik Steingrímsson
Lárus Björnsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi